



Búnaðarsamband Suðurlands

www.bssl.is



Sæðingar I

Frjósemi – eftirlit
og beiðslisgreining

Frjósemi – eftirlit og beiðslisgreining

Til þess að hámarka afrakstur kúnna reyna flestir kúabændur að láta kýrnar bera einu sinni á ári. Þetta þýðir að kýrnar þurfa að festa fang u.þ.b. 85 dögum eftir burð. Erfiðleikar við beiðslisgreiningu valda því að þetta markmið næst ekki á mörgum kúabúum.

Kýr beiða með 17-24 daga millibili en að jafnaði líður 21 dagur milli beiðsla. Skipta má beiðslinu í þrjá fasa.



Fyrstu merki beiðslis eru þykkt og gráleitt slím (slímtappi).

geno

Forbeiðsli

Forbeiðsli stendur í 1-3 daga. Mjög erfitt getur verið að greina nokkur beiðsliseinkenni meðan á forbeiðsli stendur, sérstaklega á veturna þegar sólargangur er stytur. Stundum geta einkenni verið mjög greinileg og erfitt að gera sér grein fyrir hvort kýrin komin í hábeiðsli. Það er þó mikilvægt að greina þar á milli og ræður hvað mestu um hvort kýrin muni halda við sæðingunni eða ekki. Alltof algengt er að kýr séu sæddar á forbeiðsli.

Kýrnar verða eirðarlausar og vakandi fyrir umhverfi sínu. Þær leita eftir snertingu við aðra gripi, hnusa af og sleikja kýr/gripi sem þær ná til. Síðustu klukkustundirnar fyrir hábeiðsli sýna kýrnar enn greinilegri einkenni. Þær ríða á aðra gripi, hvíla hausinn ofan á öðrum gripum og lykta af skeið annarra gripa.

Skeiðin og skeiðarbarmarnir verða rakir, rauðleitir og þrútnir. Gráleitt slím (slímtappi) getur lekið frá skeiðinni þó svo það geti einnig verið glærleitt.

Hábeiðsli

Smám saman færast kýrin yfir í hábeiðsli og einkenni aukast. Ef þú sérð kúna standa undir öðrum kúm er hún tvímælalaust komin í hábeiðsli. Önnur mikilvæg einkenni eru riðl, hvíla hausinn á öðrum gripum, lykta af skeið annarra gripa, minni nyt og minni átlýst.

Kýr í hábeiðsli eru eirðarlausar og vakandi. Þær baula jafnvel og standa oft meðan að aðrar kýr liggja. Ef hryggurinn eða malirnar eru snertar sveigja þær oft bakið niður. Sumir gripir sveigja bakið upp og niður og lyfta halanum. Útferð frá skeiðinni er oftast glær, löng og loðir við hala og fætur (hækla).

Við lok hábeiðslis koma fram loftbólur í slíminu. Skeiðin er áfram rök og rauðleit og barmarnir þrútnir.



Horfið eftir þrútni og rauðleitri skeið.

geno

Síðbeiðsli

Smám saman minnka öll einkenni. Áfram getur þó komið seigt, gljáandi slím frá skeiðinni og við lok beiðslis kemur gjarnan blóð fram í slíminu. Skeiðarbarmarnir dragast saman og verða föllir. Töluvert blóð getur lekið frá skeiðinni 1-2 dögum eftir lok hábeiðslis.

Nýtt beiðsli hefst svo 17-20 dögum eftir að blóð kemur frá kúnni.

Beiðslisgreinig

Góður árangur útheimtir öguð og vönduð vinnubrögð við beiðslisgreiningu. Nákvæmar tímasetningar, reglusemi og góðir verkferlar tryggja besta mögulegan árangur.

Mjög gott er að notast við hjálpartæki eins og; veggtöflur, gangmáladagatal og glósubók eða dagbók þar skráðar eru allar athugasemdir eða atburðir viðkomandi gangmálum gripanna.

Beiðslisgreiningu þarf að framkvæma reglulega á öllum kúm og kvígum.

Þó að ekki eigi að sæða viðkomandi grip á yfirstandandi eða næsta beiðsli er mikilvægt að skrá dagsetningar og lengd beiðslis með athugasemdum um einkenni, s.s. útferð og blæðingu að loknu beiðsli.

Ef eitthvað óeðlilegt kemur upp á tvímælalaust að kalla til dýralækni. Góð þumalfingerregla er að hafi gripurinn ekki beitt eðlilega innan við 60 dögum eftir burð að kalla til dýralækni til að skoða gripinn.

Líta skal eftir beiðslum a.m.k. tvisvar sinnum á dag, að morgni ogsíðdegis. Þá getur verið gott að líta eftir beiðsli miðdegis og ekki síst síðla kvölds þegar mest ró er yfir hjörðinni.

Ef litið er eftir beiðslum þegar gripirnir eru að éta að við mjaltir er mikil hættá á að manni yfirsjáist beiðsliseinkenni. Útferð er t.d. best að greina þegar gripirnir liggja.



Á hábeiðsli verður slímið eins og þræðir.


geno

Vinnið samkvæmt ákveðnu ferli

1. Stoppið í fjósdryrunum eða öðrum fyrirfram ákveðnum stöðum þar sem góð yfirsýn næst. Fylgist með öllum gripunum:
 - Lítið eftir breyttu hegðunarmynstri.
 - Standa einhverjir gripir meðan að aðrir liggja?
 - Fanga einhverjir athygli þína umfram aðra?
 - Taktu vel eftir hvort að einhverjir gripa leggjast á undan öðrum eða standa lengur en hinir eftir gjafir eða mjaltir.
 - Í lausagöngu er rétt að líta eftir hvort einhverjir gripir eru órólegir. Er einhver hópur gripa órólegri en aðrir?
 - Beinið sérstakri athygli að gripum sem sýnd einkenni fyrir 3 eða 6 vikum.
2. Skoðið vandlega gripir sem á að sæða. Athugið roða á skeiðarbörnum og lítið eftir útfærð – kannið vandlega hvort slím sést á hala og fótum (hækklum). Horfið eftir slímslettum á næstu gripum.
3. Kannið viðbrögð gripsins (gripanna) við léttri snertingu á baki/malir.
4. Þegar gripirnir eru á beit athugið hvort greina má merki um riðl.
5. Skoðaðu eldri glósur um gripina og taktu niður nýjar. Notið gangmáladagatalið óspart.

Tímasetning sæðingar

Það tekur legið ákveðin tíma að hreinsa sig og ná eðlilegri stærð eftir burð. Ef sætt er of snemma eftir burð er hætt við að gripirnir festi ekki fang. Mælt er með að byrja ekki að sæða fyrr en 6 vikum eftir burð.



Hvenær dagsins er best að sæða?

Gripir sem eru að beiða snemma morguns á að sæða sæða samdægurs eða í síðasta lagi snemma næsta dag.

Gripir sem byrja að beiða eftir morgunmjaltir á að sæða næsta dag.

